

UPPE2UE03

Búið til: Fri, 08 Mar 2024 11:01:13 GMT

Titill

Upplýsingarækni eldri borgara

Skammstöfun

UPPE2UE03

Útgáfunúmer

16

Námsgrein

uppeldisfræði

Viðfangsefni

Upplýsingatækni eldri borgara

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

3

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Nemendur læra að kenna eldri borgurum að hagnýta upplýsingatækni sér til gagns í daglegu lífi. Skoðaðar eru kennsluaðferðir sem hægt er að hagnýta til að eldri borgari geti tileinkað sér hugbúnað mismunandi tækja s.s. farsíma, spjaldtölvu og tölvu. Farið yfir hvers konar hugbúnaður nýtist eldri borgurum og til hvers.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvernig eldra fólk lærir að hagnýta hugbúnað
- hvernig hægt er að byggja upp öryggi við notkun tækninnar
- hvernig styðja má eldri borgara til að auka lífsgæði sín með notkun tækninnar
- hvernig má útskýra upplýsingatækninotkun ungmenna fyrir eldri borgurum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita viðeigandi aðferðum við kennslu á hugbúnað
- vera í samskiptum við eldri borgara um tækni
- útskýra tilgang og markmið með mismunandi hugbúnaði
- miðla eigin reynslu og þekkingu á upplýsingatækni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- kenna eldri borgurum á tækni
- finna verkfæri sem nýtast eldri borgurum í daglegu lífi
- skilja hvaða upplýsingatækni gagnast eldri borgurum
- átta sig á kynslóðamun í notkun upplýsingatækni

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd